

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldið Haukamýri Haukamýragili



<b>Dags eftirlits</b>	8.10.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Erna Karen Óskarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Fiskeldið Haukamýri	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Haukamýragili	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	6607061190	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Fannar H. Þorvaldsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jóhann Geirsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit er varða skil á grænu bókhaldi, árssyfirliti og vöktunaráætlun. Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi skil á niðurstöðum útreikninga á losun niturs og fosfórs.

## UMFANG EFTIRLITS

Matvælastofnun sá um framkvæmd eftirlitsins og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað með tölvupósti þann 9. október sl.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var ekki skilað á réttum tíma en barst með tölvupósti (sameinað með Grænu bókhaldi) þann 9. október sl.
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili átti að leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 1. desember 2013. Drög að áætluninni höfðu ekki borist eftirlitsaðila fyrir eftirlit en var skilað með tölvupósti þann 12. október sl.

## ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð varðandi að niðurstöðum útreikninga skv. gr. 3.3 í starfsleyfi, á losun niturs og fosfórs fyrir árið 2014 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

## ANNAÐ

Frágangi á frárennislögn skv. gr. 2.4 í starfsleyfi er lokið en erfiðlega gengur að halda stórgryti sem sett var við lagnir á sínum stað vegna ágangs sjávar.

Reykjavík, 19.10.2015

Erna Karen Óskarsdóttir

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.